




RÁÐHÚS AKUREYRAR



Hugmynd og forsendur

Lágreist, létt bygging myndar eins konar landslagsramma um núverandi Ráðhús. Illnýtanlegt afgangssvæði á lóðinni umbreytist í mannvirki og fallegan forgrunn fyrir óheft útsýnið frá efri hæðum gamla hússins. Ný útirými verða til með trjágróðri, jurtum og vatni sem horft er úti úr báðum byggingum. Ekkert er tekið frá gamla húsinu, en bestu eiginleikar þess varðveittir og dregnir fram í dagsljósið. Ráðhúsið gegnir veigamiklu þjónustuhlutverki og stjórnsýslu-, velferðar- og fræðsluvið, sem mest samskipti hafa útvíði eru nú aðgengileg frá götunni.

Nýbyggingin hefur áhrif á núverandi hús og færir það nær nútímanum. Efta hæðin er endurgerð í anda viðbyggingar á jarðhæð og tengd henni með nýju stíghálsi, sem býtur gamalt og nýtt saman í örfra heild. Með tilkomu stíkans er hægt að aflétta þunglanalegri brunahólfun sem stendur starfsemiinni fyrir þrúin, opna hæðimar og stórbæta tengingar innanhúss.

Reiknað er með að verkefnið verði byggt í viðráðanlegum áföngum, með aðgengi verkataka utanfrá svo engin truflun verði á annarri starfsemi á meðan. Fyrsti áfangi er nýbygging á jarðhæð ásamt breytingum í kjallara, síðan eftsta hæð á núverandi húsi og svo 3. og 2. hæð. Ekki er þörf á að breyta nýuppgerðri jarðhæð, en nýtt skipulag er sýnt í samræmi við áherslur um að vinnustöðvar njóti dagsbirtu. Lokaáfanginn er svo mögulegar nýbyggingar til norðurs á lóðinni.

Aðkoma og ytri ásýnd

Gamla Ráðhúsið er nú strandaglópur í stefnu aðalskipulagsins frá 1927 og á skjön við aðrar götur bæjarins. Nýbyggingin gegnir því hlutverki að hjálpa hinu áttavilla húsi inn í rétt samhengi við umhverfið og nútímann. Hvít ásýnd hússins rimar við lykilyggingar eins og bókasafnið, en einnig við byggðina í heild, þar sem flest hús Akureyrar eru hvít.

Aðalningangurinn blasir við fyrir enda Geislagötu. Sunnan við húsið er steinlagt svæði fyrir akandi aðkomu, undir gamla fallega trénu sem fyrir er á staðnum. Innan við aðkomusvæði er sólrikur forgarður með hvítri stétt og útisvæði framan við matsal/kaffihúsi. Þar sem Ráðhúsið lifnar við á göðvörðis- og tyllidögum. Steinlögng gengur áfram í kringum húsið og með austurhlíð er lágur steinveggur með hallandi grasflöt og trjágróðri að Glerárgötu. Norðan við húsið er nýr aðkomugarður stafranna sem hallar upp að húsinu, en kjallaraingangur er óbreyttur og eldri stígi tengist nýju stíghálsi. Fyrir miðjum vesturveggi er aðkoma hjólaðamanna með breiðum rampa niður að hjólagæmslu fyrir a.m.k. 20 hjól og startaðstöðu þar fyrir innan. Síðasti garðurinn er innliktur vatnspollur á milli húsa, sem endurvarpar dýrmætri birtu inn á jarðhæð. Pollurinn er ummerki um vatnsagann sem lá yfir eyrinni áður fyrr.

Bilastæði eru við endilöng vesturmörk lóðar og framan við starfsmannainngang, með stæðum fyrir fatlaða næst inngöngum. Trjálinna gengur meðfram húsinu að vestanverðu og fyrir horn að sunnan, til að minnka sólarálag, en gert er ráð fyrir stóraukinni gróðursetningu í kringum húsið: Blómum, runnum og trjáum svo aðnærlegt ytra umhverfið verði að gróðurvin.



Innra skipulag

Aðalningangur er um snúningshurð að hringlaga afgreiðslu, sem tengist stjórnsýslusviði innbyrðis, en með glerlokun að þjónustuaunddyri og aðgangsstýrðri hurð að stíghálsi. Þjónustuaunddyri opnast um fellihurðir að fundarsal og áfram að matsal/kaffihúsi. Tenging rýma er margvisleg eftir þörfum, en öll rýmin opnast að forgarði, sem lifnar við þegar eitthvað er um að vera í húsinu. Viðtals- og fundarherbergi raða sér við norðurvegg þjónusturýmis, ásamt snyrtingum og eldhúsi tengdu matsal.

Dagsbirtan flæðir inn í vinnurými öðkra sviða um glerjaða útteggi nýbyggingar og á endurnýjaðri 4. hæð, en minni birta er í eldra húsinu. Vinnusvæði eru ávallt við glugga eða hafa góða sýn út, en það er veigamiklað áhrði fyrir velliðan starfsmanna. Viðmið rýmisáætlanar fyrir opin vinnurými er riflegt, en gefur möguleika á litlum fundarborðum og setsvæðum í umframrými.

Einstaklingsrými eru í kringlótum færanlegum einingum með hljóddempun að innan og utan. Skjalageymslur eru sameinaðar á jarðhæð, þar sem dagsbirta er minnst í eldra húsi, en aðrar skjalageymslur fylgja sínum svæðum. Snyrtikjamar með ræstingu eru á sama stað og eins á öllum hæðum. Kaffihorn eru staðlaðar einingar og nokkum veginn á sama stað upp í gegnum gamla húsið. Ljósritunareiningar eru sams konar, en á jarðhæð eru kaffihorns- og ljósritunareining greyptar inni færanlega veggir skjalageymslu.

Efni og uppbygging

Burðarkerfi er eins létt og efnisliðið og mögulegt er, með stálsúlum og bitum á rúmlega 7m fresti svo auðvelt sé að skipta rýminu og laga að sibreytilegri starfsemi. Útveggir eru hvítt viðhaldsfritt gluggakerfi í fullri hæð, með opnanlegum fögum í öðru hverju bili og prisma gleri neðst sem brýtur ljósið við gölmötlum. Þar fyrir neðan er grágrýtisklæddur sökkull þar sem göllhæð er í um hálfs meters hæð frá jörðu. Þak er viðsniðið, með berandi hljóddempandi trapusistáldekki neðst og lyngmóðþekju efst sem hækkar að miðju og myndar grónar bungur. Gengið er útá þakið á suðvesturhorni eldra húss frá 2. hæð, en horft yfir gróðurþekjuna þar fyrir ofan. Eldri svalir halda sér, svalir á efstu hæð við skrifstofu bæjarsjóra eru stækkaðar og subursvalir koma á efsta palli í nýju stíghálsi.

Allir innveggir nýbyggingar eru léttrir og færanlegir, gipsklæddir á milli rýma og glerveggir að opnum vinnurýmum. Gólfplata er með innsteyptri hitalögn og völdu fyllicfni fyrir slípað terrassoyfirborð. Loft nýbyggingar er í sömu hæð og í eldra húsi og lampar og kastarar koma í brautir felldar uppi hvít hljóddempandi loftin eftir þörfum.

Þó ytri umgirdi hússins sé hvít er reiknað með fjölbreyttu, hlýju og náttúrulegu litavali í færanlegum hlutum og lausamunum inni s.s. einstaklingsrýmum, skjalageymslum, kaffihorns- og ljósritunareiningum, húsgögnum o.s.frv.

Lagnir

Ný loftræstisamstæða í austurkjallara, fyrir nýlega endurgerða jarðhæð, heldur sér, en lítið nýttur vestukjallari breytist í loftræstiklefa sem þjónar nýbyggingu og efri hæðum. Dreifing er upp nýjan flóttastiga í eldra húsi og undir gólf nýbyggingar með innblæstri upp glerveggi til að koma í veg fyrir kælingu á vetrum og ofhitnun á sumrum. Gler er þrefalt, með hámarks birtuinnstreymisstuðul, sólvarnar- og Kglari og argonfyllingu til að uppfylla kröfur í byggingarreglugerð. Gluggatjöld eru viðbót við einangrunargildi. Aðgengi að spennistöð í suðvesturhorni kjallara er óbreytt.

Umhverfismál


Innitímað skipulag minnkar stærð hússins, lágmarkar efnisnotkun og sparar orku. Innri sveigjanleiki í niðurröðun rýma, endurnýting á núverandi húsnæði og lágmarks viðhald eru allt þættir sem minnka vistsporið. Dagsbirta sparar rafmagn en eykur jafnframt velliðan starfsmanna, einn af mörgum óáþreifanlegum þáttum sem áhrif hafa á heilsu manna og gleði sem smitast úti andrúmsloft hússins. Hámarksnýting á núverandi snauðri lóð og umbreyting hennar í gróðurþekju og garða eykur tegundaauði, dýralíf og raka í andrúmsloftinu, en dregur jafnframt úr hávaða og mengun frá Glerárgötu. Tré sem fyrir eru á lóðinni eru varðveitt, fyrir utan eitt sem er fært nokkra metra til vesturs í gróðurbeði við suðausturhorn núverandi húss. Efnisnotkun er í algjöru lágmarki og stefnt er að notkun náttúlegra efna eins og kostur er. Uppruna- og umhverfisvottun á byggingarefnum til að fyrirbyggja eiturefni, rokgrimi o.s.frv. er nú orðin viðtekin hluti af allri byggingarstarfsemi.

Kostnaður

Hagkvæmnisjónarmiði eru ríkur þáttur í einföldu og stöðluðu útliti byggingarinnar, sem er látaust, en grundvallast á vel reyndum aðferðum og fjöldaframléðslu. Markmiðið er að nýta allt sem hægt er úr gamla húsinu og bæta einungis því við sem á vantar, svo það njóti sín enn betur og auki gildi sitt, veraldlegst sem raunverulegt. Heildarbyggingarmagn tilloðu er 14% yfir viðmiði rýmisáætlunar og skýrist af ástæðum sem raktar eru í rýmistöflu. Hagkvæmni í gerð byggingarinnar og formi vegur það hins vegar upp og tryggir að heildarkostnaður sé í samræmi við kostnaðarviðmið.

Lokaorð

Vonast er til að sterk mynd og hreinleiki hússins marki nýtt upphaf og styrki nánasta umhverfi. Mannvirkið er nýtt líferki sem breiðir úr sér þar sem áður var berangur. Bjart og létt útlit hússins gefur skilaboð um opið lýðræði og stjórnsýslu fyrir allra augum. Ráðhúsið stendur róttást í fortíðinni, opnar faðminn við enda Geislagötu og býður bejarbúa velkoma inn í framtíðina.



Kjallari

- a. spennistöð
- b. hjólagæymsla
- c. snyrtiaðstaða með sturtu
- d. læstir skápar fyrir hjóleiðamenn
- e. loftræsting nýbygging og 2-4h
- f. loftræsting eldra hús jarðhæð

Jarðhæð

- a. bílaaðkoma
- b. forgarður
- c. aðalinngangur
- i. sorp frá eldhúsi
- j. búningsherbergi
- k. ræsting
- l. snyrting
- m. snyrting fatlaðra
- v. vatnsgarður
- w. Aðkomugarður starfsmanna
- x. Aðkoma að hjólagæymslu

Velferðarsvið

- n. einstaklingsrými
- o. opið vinnurými
- p. skrifstofa
- q. stórt fundarherbergi
- r. kaffiaðstaða
- s. skjalagæymsla ljósrítun
- t. fundar- og vinnuherbergi

Stjórnarsýslusvið

- c. móttaka
- d. þjónustuanddyri
- e. fundarsalur
- f. matsalur/kaffihús
- g. eldhús
- h. viðtals- og fundarherbergi
- n. einstaklingsrými
- o. opið vinnurými
- p. skrifstofa
- s. skjalagæymsla ljósrítun

Fræðslusvið

- n. einstaklingsrými
- o. opið vinnurými
- p. skrifstofa
- s. skjalagæymsla ljósrítun
- t. fundar- og vinnuherbergi

2. hæð






- k. ræsting
- l. snyrting
- m. snyrting fatlaðra

Skipulagssvið

- n. einstaklingsrými
- o. opið vinnurými
- p. skrifstofa
- r. kaffiaðstaða
- s. skjalagæymsla ljósrítun
- t. fundar- og vinnuherbergi

Samfélagssvið

- n. einstaklingsrými
- o. opið vinnurými
- r. kaffiaðstaða
- s. skjalagæymsla ljósrítun
- t. fundar- og vinnuherbergi



3. hæð

Umhverfis- og mannvirkjasvið

- k. ræsting
- l. snyrting
- m. snyrting fatlaðra

- n. einstaklingsrými
- o. opið vinnurými
- r. kaffiaðstaða
- s. skjalageymsla ljósrítun
- t. fundar- og vinnuherbergi
- u. fundarherbergi

4. hæð

Fjársýslusvið

- n. einstaklingsrými
- o. opið vinnurými
- p. skrifstofa
- r. kaffiaðstaða
- s. skjalageymsla ljósrítun
- t. fundar- og vinnuherbergi

Skrifstofa bæjarstjóra

- p. skrifstofa
- t. fundar- og vinnuherbergi



sneiðing a



Helstu stærðir nettó	m ²
Skrifstofa bæjarstjóra	50
Stjórnsýslusvið	767
Fjársýslusvið	291
Umhverfis- og mannvirkjasvið	364
Skipulagssvið	178
Samfélagssvið	170
Fræðslusvið	266
Velferðarsvið	646
Heildarstærð nettó	3.439
Heildarstærð brúttó	3.867

Og glæðir nokkur gleði meiri yl
en gleðin yfir því að vera til
og vita alla vængi hvíta fá,
sem víðsýnið og eilífðina þrá

D. St.



útlit vestur




útlit suður



útlit austur



útlit norður



áfangaskipting

Byrgðu þig aldrei í bústað þínum á bak við lokuð hlið.
Því stærri veröld sem við þér blasir,
því völdugri sjónarmið.

D. St.